# Þyrnirós

Þorsteinn Valdimarsson

Margrét Ólafsdóttir




Hraðfleyg í draumi hundrað ár
hverfa' eins og dögg við morgunsár.
Sveinninn sem hleypti hvítum jó
handan um fjöll,
sunnan um skóg,
kom og sá hvar hún svaf í ró.

Kossi hans er hin kæra rós
kölluð af dvala - blær og ljós
titra er loks hún losar blund. -
Lambið í mó,
blómin á grund
vakna af svefni á samri stund.